Samþykkt þann
06. des. 2017
Byggingafulltrúinn í [illegible]




KJALLARI







1. HÆÐ




2. HÆÐ

## Lýsing

**Norðurbraut 1** er bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara, byggt eftir teikningu frá 1929. Húsið er kjallari, hæð og portbyggð rishæð með geymslulofti. Þakið er með 45° halla. Ein íbúð er í húsinu. Aðalinngangur í húsið er um timburtröppur á 1. hæð, en þar eru, auk anddyris, stofur, eldhús og snyrting. Á rishæð eru svefnherbergi. Undir stiga á 1. hæð er brattur kjallarastigi, en auk þess er inngangur í kjallarann á norðvesturhorni hússins. Í kjallara eru geymslur, þvottahús og baðherbergi.

**Fyrirhugaðar framkvæmdir** (sem sótt er um leyfi fyrir nú):
- Að setja kvisti á báðar hliðar hússins.
- Að reisa viðbyggingu við norðvesturhlið þar sem nú *eru útitröppur og aðalinngangur í húsið.* Viðbyggingin verður steyptur kjallari og ein hæð með þaksvölum. Þar verða anddyri og baðherbergi á báðum hæðum.
- Að leggja kjallarastiga af og koma nýjum stiga fyrir þar sem nú er snyrting á 1. hæð.
- Að stækka annað gluggaopið á suðvesturhlið og setja þar dyr og timburtröppur niður í garðinn.

*Gluggar hafa verið endurnýjaðir, en glerjað hefur* verið beint í karminn, nema þar sem eru opnanleg fög. Nýir gluggar verða með fögum í öllum opum. Samhliða eðlilegu viðhaldi núverandi glugga verða sett í fög í öll op.

**Byggingarefni** Þak viðbyggingarinnar verður með lágmarkshalla og með þaksvölum ofaná. Sperrur 45x220mm c/c 60 cm, einangrun 195 mm þéttull. Þakið verður klætt tjörupappa sem er a.m.k. 1500 g/m2 (ekki íslenskur pappi). Loftun undir borðaþaki er 22 mm. Kvistir verða bárujárnsklæddir á 45x95 mm c/c 60cm veggjagrind, gluggar og hurðir úr timbri með tvöföldu K-gleri og allar klæðningar að innan verða í fl. 1.

**Brunavarnir** Björgunarop verða úr hverju svefnherbergi og reykskynjarar á hverri hæð.

**Lagnir** Inntök eru í kjallara.

**Lóð** Við aðalinngang eru tvö bílastæði og þröngt er að komast að sorpinu þar sem það er í dag inni á lóðinni. Þess vegna er nýtt sorpskýli sett út við götu við norðausturhlið hússins

### Stærðaraukning

| | Birt fl.mál (Br.fl. >180 cm) | Br.rúmmál (íbúð og fylgirými) |
|---|---|---|
| Núverandi | 143,8 m2 | 391,5 m3 |
| Eftir stækkun | 170,5 m2 | 478,1 m3 |
| Stærðaraukning | 26,7 m2 | 86,6 m3 |

Norðurbraut 1:
Landnúmer 122001
Staðgreinir 66200010
Lóðarstærð 407,9 m2
Br.fl. húss 175,9 m2
Nýtingarhlutfall 0,43

REYNDARTEIKNING

| | | |
|---|---|---|
| B | Útistigi teiknaður inn | 04.06.17 |
| A | Breyting á útistiga, hellulögn | 14.06.11 |

## NORÐURBRAUT 1, HAFNARFIRÐI

**Viðbygging og endurbætur 25.05.11**
Grunnmyndir 1:100
Afstöðumynd 1:500
Lýsing

1

**Ólöf Flygenring ark. faí**
kt.100955-4669
sími 552 7873 / 845 7873
lolo.flygenring@gmail.com